

Útvistunarstefna

Brúar lífeyrissjóðs



1.gr. Markmið og gildissvið

Stefnan er sett með hliðsjón að leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og tilmælum 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Tilgangur hennar er að tryggja faglegt, gegnsætt og samræmt verklag við útvistun verkefna og efla eftirlit með þeim. Stefnan gildir um hvers konar verkefni sjóðsins sem er útvistað til þriðja aðila. Stefnan er bindandi fyrir stjórn og starfsmenn sjóðsins

2.gr. Ábyrgð og framkvæmd

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um hvaða verkefni er útvistað hverju sinni. Ábyrgð stjórnar á starfsemi sjóðsins samkvæmt lögum og samþykktum hans er alltaf fyrir hendi þrátt fyrir útvistun verkefna.

Framkvæmdastjóri sjóðsins ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar.

Stjórn hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin verkefni eru útvistuð;

- Innri endurskoðun
- Erlendar framtaksfjárfestingar
- Innlendar framtaksfjárfestingar
- Lögfræðilinnheimta
- Daglegur rekstur á upplýsingatækni, hýsing og afritunartaka.
- Þróun og breyting á hugbúnaði
- Ræsting
- Mötuneyti

Sjóðnum er skylt að útvista eftirtöldum verkefnum:

- Ytri endurskoðun
- Tryggingafræðileg athugun

3.gr. Útvistun á verkefnum

Stefna sjóðsins er að útvista verkefnum aðeins til aðila sem búa yfir nægilegri þekkingu, getu og hæfni til að taka að sér slík verkefni en jafnframt er horft til viðeigandi tilmæla Fjármálaeftirlits ef við á.

Við val á útvistunaraðila er eftirfarandi atriði höfð í huga:

- hæfni, geta, færni og fagmennska

Útvistun á verkefnum er háð eftirfarandi skilyrðum:

- leitað er eftir tilboðum eða gera verðkannanir
- tilkynna þarf Seðlabanka/Fjármálaeftirlitinu í samræmi við viðeigandi tilmæli Fjármálaeftirlits eins og útvistun á upplýsingakerfum til innlendra og erlendra aðila og skýjaþjónustu
- upplýsingakerfi og gögn má ekki keðjuútvista lengra en til þriðja aðila og ekki er heimilt að keðjuútvista út fyrir evrópska efnahagssvæðið
- upplýsingakerfi eða gögn sem eru útvistuð og geymd fyrir utan Ísland (þ.e. á evrópska efnahagssvæðinu) eru vistuð í Microsoft Azure
- að fyrir liggi verklag um hvernig þróun og breytingar á hugbúnaði eru kynntar sjóðnum og þær innleiddar

4.gr. Útvistunarsamningur

Samningur um útvistun verkefna skal vera skriflegur og uppfylla skilyrði reglna þessara. Í samningnum er horft til eftirfarandi atriða eftir því sem við á:

- ákvæði um hvaða þjónustu eða verkefni er um að ræða
- ákvæði um réttindi og skyldur samningsaðila
- ákvæði um upphaf og lok verks – gildistími
- að fram komi upplýsingar um tengiliði, ábyrgðaraðila og með hvað hætti upplýsingagjöf á að vera
- að fram komi fjárhæðir og greiðslutilhögun
- ákvæði um hvernig og hvenær atvik/frávik eru tilkynnt
- ákvæði um úrræði ef um vanefndir verða
- ákvæði um meðferð deilumála.
- ákvæði um ábyrgð og tryggingar
- ákvæði um eigna- og höfundarétt hugverka
- ákvæði um uppsögn og samningslit
- ákvæði um rétt til eftirlits með þeirri starfsemi sem samningurinn tekur til, þar með talið aðgang ytri og innri endurskoðanda
- ákvæði um þagnarskyldu útvistunaraðila og starfsmanna hans
- ákvæði um heimild Seðlabankans/Fjármálaeftirlitsins að fá aðgang að gögnum og upplýsingum sjóðsins hjá útvistunaraðila
- ákvæði um að þær athuganir sem Seðlabankinn/Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar í eftirliti sínu á sjóðnum geti farið fram á vinnustöð útvistunaraðila
- ákvæði um hvort keðjuútvistun sé heimil og þá að hvaða leyti og hvaða takmarkanir sjóðurinn gerir
- ákvæði um hvernig tilmælum Fjármálaeftirlits nr. 1/2019 verði uppfyllt, eins og varðveisla og meðhöndlun gagna og frávikatilkynningar
- ákvæði um reglulega endurskoðun samningsins, en ef um er að ræða upplýsingakerfi þá er endurskoðunin á tveggja ára fresti
- ákvæði um útgönguáætlun ef um er að ræða upplýsingakerfi

5.gr. Eftirlit með útvistunarsamningum

Stjórn sjóðsins hefur eftirlit með að útvistuð verkefni sé í samræmi við viðkomandi útvistunarsamning. Ef stjórn, framkvæmdastjóri eða starfsmenn verða áskynja um að frammistaða þjónustuaðila sé ófullnægjandi og ekki í samræmi við samning er varðar hæfi, getu, hæfni, kostnað, lög eða reglur skal grípa til aðgerða sem geta verið fólgnar í úrbótavinnu eða til uppsagnar á samningi ef vanefndir eru verulegar.

6.gr. Gildistaka, birting og endurskoðun

Stjórn sjóðsins samþykkir stefnuna og staðfestir með undirritun sinni. Endurskoða skal stefnuna eins oft og þurfa þykir en eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Stefnan skal vera birt á heimasíðu sjóðsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 20. september 2021.